

Alþingi
Erindi nr. P 137/565
komudagur 8.7.2009



Allsherjarnefnd Alþingis
Alþingi
150 REYKJAVÍK

SJÁVARÚTVEGS- OG
LANDBÚNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

Skúlagötu 4 150 Reykjavík
sími: 545 8300 bréfasími: 552 1160
postur@slr.stjr.is www.stjr.is/slr

Reykjavík 8. júlí 2009
Tilv.: SLR09070048/4.8

Ráðuneytið vísar til frumvarps til laga til breytingar á ýmsum lögum vegna tilfærslu verkefna innan Stjórnarráðs Íslands en alsherjarnefnd hefur mál þetta til umfjöllunar.

Í 66. gr. frumvarpsins er tiltekið í reynd að forræði eignarhalds á Matis ohf. verði fært frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til fjármálaráðherra. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið telur rétt að mæla með að 66. greinin verði felld út úr frumvarpinu. Ástæður þessa eru að grípa þarf til umfangsmikilla aðgerða á ýmsum sviðum til þess að mæta þeim erfiðu fjárhagsaðstæðum sem uppi eru. Hjá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu getur reynst óhjákvæmilegt að ráðast í gagngerar breytingar á uppbyggingu stofnana, sem geta þýtt formbreytingu á hluta starfseminnar, og gæti Matis ohf. verið órjúfanlegur hluti af þeirri leið sem valin verður. Því er hér eindregið mælt gegn því að forræði eignarhlutar verði færður frá ráðuneytinu, enda kann það að flækja og gera erfiðara að koma til framkvæmda nauðsynlegum breytingum.


Jón Bjarnason